

**Heiti áætlunar:** Grenndarkennsla  
**Hópur:** 6. bekkur  
**Áfangamarkmið** úr Aðalnámskrá

**Tímabil:** 31.08.2015-30.05.2016

**Nafn:** Sara Diljá Hjálmarsdóttir

## **Landafræði**

### **Svæði**

- þekkja örnefni stjórnsýslueininga í heimabyggðinni (s.s. borgar, sýslu, hrepps og bæjar)
- þekkja þróun búsetu í eigin heimabyggð og mismunandi notkun lands og bygginga og geta borið saman við það sem gerist annars staðar
- gera sér grein fyrir mismunandi einkennum svæða og samskiptum þeirra á milli eftir því sem við á

### **Kennsluaðferðir**

---

#### **Bein kennsla**

#### **Efniskönnun**

#### **Fræðslumyndir**

#### **Fyrirlestrar**

#### **Heildstæð verkefni**

#### **Heimildarvinna**

#### **Viðfangsefni tengd daglegu lífi**

### **Námsmat**

---

#### **Sjálfsmat**

#### **Mat á frammistöðu í tímum**

#### **Munnlegt próf**

#### **Verkmöppumat**

**Annað**

Sjálfsmat 20%, mat á frammistöðu í tímum 20%, munnlegt próf 40% og verkmöppumat 20%.

**Heiti áætlunar:** Listir og tjáning  
**Hópur:** 6. bekkur  
**Áfangamarkmið** úr Aðalnámskrá

**Tímabil:** 31.08.2015-30.05.2016

**Nafn:** Sara Diljá Hjálmarsdóttir

## **Dans**

### **Skynjun/greining/mat**

- öðlast innsýn í íslenska danshefð

## **Leikræn tjáning**

### **Sköpun/túlkun/tjáning**

- geta tjáð skoðanir sínar á ákveðnu málefni
- geta flutt stutta ræðu úr pontu á áheyrilegan hátt
- vera fær um að taka á skapandi hátt þátt í mótun á leikrænu ferli
- geta í hópi notað stutta leikspuna út frá námsefni

- geta túlkað athafnir með látbragði
- þekkja og geta notað allar helstu aðferðir leikrænnar tjáningar
- geta á einfaldan hátt skapað persónur og túlkað viðhorf þeirra til einhvers málefnis

## **Myndmennt**

### **Lögmál og aðferðir - Sköpun/túlkun/tjáning**

- geta unnið einfaldar skissur og hugmyndavinnu fyrir tví- og þrívíð verk, m.a. með hjálp tölvu
- geta nýtt sér í eigin sköpun grunnþætti myndlistar, s.s. grunnreglur formfræði, litafræði og myndbyggingar
- geta teiknað eða mótað raunsæismyndir eftir fyrirmyndum
- geta sýnt skipulögð vinnubrögð

### **Kennsluaðferðir**

---

#### **Bein kennsla**

**Dans**

**Efniskönnun**

**Fræðslumyndir**

**Heildstæð verkefni**

**Hlutverkaleikir**

**Hreyfing**

**Leikræn tjáning**

**Sköpun**

**Tónlist**

### **Námsmat**

---

**Verkmöppumat**

**Frammistöðumat**

**Sjálfsmat**

### **Annað**

---

Sjálfsmat 20%, verkmöppumat 50 % og frammistöðumat 30%.

Heiti áætlunar: íslenska

Tímabil: 24.08.2015-31.05.2016

Hópur: 6. bekkur

Nafn: Guðrún Elsa Helgadóttir

Þrepamarkmið úr Aðalnámskrá

## Íslenska

### Bókmenntir

- lesi sögur, ævintýri, þjóðsögur, gamansögur, dæmisögur og lengri bækur
- ræði um bókmenntaverk sem hann hefur hlustað á og/eða lesið
- taki þátt í leiktúlkun á bókmenntatexta
- þjálfist í að fá bækur að láni á skólasafni
- geri sér grein fyrir hugtökunum aðal- og aukapersónur, umhverfi, boðskapur og ljóðstafir
- leiki leikþætti eða atriði úr frásögnum sem hann hefur lesið eða samið
- þjálfist í að hlusta á upplestur ljóða, bæði hefðbundinna og óhefðbundinna og geri sér grein fyrir mun þeirra
- þekki hugtökin persóna, söguhetja, söguþráður og sögulok
- lesi fjölbreytt efni sér til fróðleiks og skemmtunar að eigin vali miðað við lestrargetu og áhuga

### Hlustun og áhorf

- þjálfist í að hlusta á upplestur á sögum og ljóðum, bæði sem kennari les og af bandi
- fái tækifæri til að fylgjast með flutningi á leikriti
- þjálfist í að hlusta á umræður, taka þátt í þeim og halda athygli í töluverðan tíma
- þjálfist í að horfa á fræðsluefni með athygli og vinna úr upplýsingum sem þar koma fram
- fari í nokkuð flókna leiki þar sem gerðar eru kröfur um að farið sé eftir munnlegum fyrirmælum
- þjálfist í að hlusta á fyrirmæli kennara og fara eftir þeim

### Lestur

- þjálfist í að beita nákvæmnislestri, leitarlestri og yfirlitslestri, m.a. á Netinu
- geri sér grein fyrir mikilvægi góðrar lestrarkunnáttu í upplýsingasamfélaginu
- nái góðum tókum á að greina aðalatriði frá aukaatriðum í lesnum texta
- velji sér bækur, af skólasafni eða annars staðar frá, til að lesa sér til ánægju
- geti gert útdrætti, munnlega og skriflega, úr því sem hann hefur lesið
- nái góðum leshraða og geti lesið af öryggi og með viðunandi skilningi almenna texta
- geti lesið nokkuð flókin fyrirmæli og farið eftir þeim
- geti lesið margvíslega texta og unnið með þá á fjölbreyttan hátt

### Málfræði

- þekki mun samnafna og sérnafna og kyn orða og geti nýtt sér þá þekkingu við stafsetningu
- átti sig á hvaða orðmynd er uppflertimynd fallorðs og geti nýtt sér það við notkun orðabóka
- beiti tungumálinu á fjölbreyttan hátt við lausn margvíslegra munnlegra og skriflegra verkefna
- vinni með algeng orðtök og málshætti
- vinni með stofn orða og geti nýtt sér þá kunnáttu við stafsetningu
- geti búið til samsett orð af öryggi
- fái ríkuleg tækifæri til að leika sér með tungumálið á fjölbreyttan hátt, t.d. með myndagátum, krossgátum, þrautum, spuna, nýyrðasmíð og ýmiss konar orðaleikjum
- átti sig á muninum á nútíð og þátíð sagna og geti breytt tíð frásagna

- geri sér grein fyrir stigbreytingu og kynbeygingu lýsingarorða
- læri að fallbeygja mannanöfn og fræðist um tilurð þeirra
- geti sambeygt algeng nafnorð og lýsingarorð í eintölu og fleirtölu
- þekki orðflokkanafnorð, sagnorð og lýsingarorð og helstu einkenni þeirra
- geri sér grein fyrir að öllum orðum er skipt í flokka eftir formlegum og merkingarlegum einkennum

### **Ritun**

- þjálfist í rétttri fingrasetningu með ýmsum ritunarverkefnum
- skrifi skýrt og greinilega og vandi allan frágang
- þjálfist í að stafsetja rétt með margvíslegum verkefnum og ýmsum aðferðum
- geti samið sögur með atburðarás og ort ljóð og skrifað sjálfur
- þekki hugtökin upphaf, miðja og endir í frásögn og geti nýtt sér þau í eigin ritun
- geti skráð frásagnir um atburði úr eigin lífi eða lífi fjölskyldunnar
- geti skráð framvindu og niðurstöður í verkefnum sem hann vinnur, t.d. í landafræði, sögu eða náttúrufræði
- geti lýst skriflega ýmsum hlutum eða athöfnum úr umhverfinu og almennum fréttum
- beiti mismunandi stíl við ritunarverkefni sem hæfir efni og viðtakendum
- þjálfist í að taka við gagnrýni á eigin texta og vinna úr henni með því að endurrita textann
- geti skráð aðalatriði úr texta
- geti skrifað almenna texta rétt eftir upplestri
- þjálfist í að nota orðabækur og önnur hjálpargögn
- geti notað tölvur við ritun og frágang skriflegra verkefna
- geti skrifað hratt og af öryggi og sé farinn að þróa persónulega rithönd
- læri að fara eftir flestum stafsetningarreglum, t.d. n- og nn-reglunni, ng- og nk-reglunni og um i, í og y, ý

### **Talað mál & framsögn**

- geti tjáð sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum og stærri hópum
- temji sér að tala skýrt og áheyrilega við öll tækifæri
- geti greint skipulega frá eigin reynslu, eftirminnilegum atburðum eða sérstakri lífsreynslu
- fái tækifæri til að segja frá eigin tilfinningum og líðan
- geti rætt við bekkjarfélaga sína, t.d. þegar upp koma vandamál, og reynt að komast að sameiginlegri niðurstöðu
- geti kynnt vinnu sína fyrir bekkjarfélögum og foreldrum og sagt skipulega frá verkefnum sem hann hefur unnið
- geti lýst munnlega ýmsum hlutum eða athöfnum úr umhverfinu og almennum fréttum
- geti lesið upphátt sögur og ljóð með réttum áherslum
- geti flutt undirbúnar frásagnir og haldið athygli áheyranda í nokkurn tíma
- þjálfist í leikrænni tjáningu og leikjum með áherslu á meðferð talaðs máls
- þjálfist í að segja skopsögur í minni og stærri hópum
- fari eftir þeim reglum sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu
- geti sagt frá hvernig hann komst að tiltekinni niðurstöðu og geti rökstutt hana
- tjái sig munnlega við lausn margvíslegra verkefna í minni og stærri hópum

### **Námsgögn**

- Vandamálið-Ekki málið-lesbók. Vandamálið, Ekki málið vinnubók. Ritun rétt, verkefni í tengslum við „Orð af orði“ Ýmis útprentuð verkefni af neti og gagnvirkar æfingar. Orðaspil, Leikræn tjáning-orðflokkar og fl.

**Bein kennsla**

Þegar kenna þarf nýjar aðferðir og við upprifjun.

**Heildstæð verkefni**

Útprentuð verkefni í tengslum við lesskilning og önnur viðfangsefni

**Hlustunarefni**

Sögur, ljóð lesin upp af kennara og nemendum

**Hlutverkaleikir**

Leikræn tjáning í tengslum við mismunandi viðfangsefni.

**Hópverkefni**

Nemendur vinna saman í verkefnum og vinnubókum.

**Námsleikir**

Orðaspil og fjölbreyttir orðaleikir.

**Ritun**

Sóknarskrift, skrifarbækur, frjáls ritun, stafsetningaræfingar, málfræðiverkefni í tengslum við viðfangsefni hverju sinni.

**Spil**

fjölbreytt orðaspil

**Umræður**

Nemendur ræða saman um lausnir verkefna og tjá skoðanir sínar í misjöfnum málefnum er tilheyra viðfangsefnum kennslustunda.

**Upplýsingartækni**

Fjölbreyttar rafrænar æfingar á netinu.

**Annað**

Mikil áhersla verður á lestur, framsögn, lesskilning og ritun.

Námsmat: Skólavinna 10% skrift 10% annarpróf 60% stafsetning 20%. Lesskilningskannanir reglulega alla önnina þar af tvær sem gilda til lokaekunnar þ.e. 2x15% og 70% lesskilningskönnun í lok annar.

**Sjálfstæð verkefni**

Verkefni í tengslum við viðfangsefni hverju sinni

**Endurgjöf**

Stöðug endurgjöf og hvatning frá kennara

**Stöðupróf**

Stöðupróf í upphafi haustannar í orflokkagreiningu, stafsetningu og fl.

**Kannanir**

Kennari leggur kannanir fyrir nemendur reglulega eftir þörfum.

**Skriflegt próf**

Skriflegar kannanir við annarskipti

**Vinnubók**

Kennari metur vinnubækur nemenda

**Mat á frammistöðu í tímum**

Kennari metur frammistöðu nemenda í kennslustundum og í heimanámi

Heiti áætlunar: Íþróttir

Tímabil: 25.08.2015-27.05.2016

Hópur: 6. bekkur

Nafn: Finnbogi Guðmundsson

Prepamarkmið úr Aðalnámskrá

## Skólaíþróttir

### Félagsþroski - tilfinningaþroski - siðgæðisþroski

- fái jákvæða upplifun af íþróttaiðkun utanhúss
- vinni ýmis verkefni í misstórum hópum þar sem reynir á tillitssemi, umburðarlyndi, þolinmæði
- taki þátt í leikjum sem efla markvisst samvinnu innan minni eða stærri hópa
- þjálfist í að bera sameiginlega ábyrgð á skipulagi og framkvæmd leikja, ýmissa æfinga, útivistar

### Líkamsþroski - fagurþroski

- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla líkamsþol, s.s. eltingaleikjum, ratleikjum, knattleikjum
- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla hraða og viðbragð, s.s. eltingaleikjum, hópíþróttaleikjum, flóknum samspils- og hittnileikjum
- þjálfist í æfingum sem efla líkamsþol, s.s. stöðugu hlaupi á rólegum hraða í 11 mínútur
- þjálfist í æfingum sem efla viðbragð, s.s. eltingaleikjum af ýmsum toga, viðbragði eftir merki kennara
- taki stöðluð próf til að meta eigin líkamshreysti, s.s. boltakast með 80 g bolta, liðleikapróf, t.d. að teygja fram á kassa

### Skynþroski - hreyfiþroski

- þjálfist í grófhreyfingum eins og handstöðu, handahlaupi
- taki þátt í leikjum sem veita útrás fyrir hreyfiþörf og efla samspil skynjunar, s.s. eltingaleikjum, kast- og gripleikjum, hittnileikjum, samspilsleikjum
- þjálfist í undirstöðuatriðum a.m.k. tveggja hóp- og einstaklingsíþróttanna sem stundaðar eru hér á landi, s.s. handknattleiks og innihökkís (bandís), badmintons og tenniss
- þjálfist í samsettum hreyfingum eins og litlum kollhnís, löngum kollhnís og aftur litlum kollhnís, utanverðu stökki yfir kubba, lendingu, kollhnís áfram í réttstöðu, handstöðuveflu, forhoppi, handahlaupi, teygjuhoppi með hálfum snúningi, jafnvægisstöðu á öðrum fæti, kollhnís áfram í réttstöðu, langstökki með atrennu, hástökki með frjálstri aðferð, sveiflum í hringjum, hálfum snúningi um langás, afstökki í aftursveiflu, hliðarstökki yfir kubba eða kistu

### Vitsmunþroski

- taki þátt í umræðu um heilbrigðan lífsstíl
- öðlist þekkingu um áhrif þolþjálfunar á hjarta og blóðrásarkerfi
- fræðist um mikilvægi hvíldar fyrir líkama og sál
- nái tókum á undirstöðuatriðum íslenskrar glímu og þekki helstu glímubrögð
- taki þátt í útivist, s.s. gönguferð eða helgarferð þar sem m.a. þarf að taka tillit til veðurs, fatnaðar

## Námsgögn

- Ýmis íþróttáhöld

### Kennsluáðferðir

#### Hreyfing

Nemendur hreyfa sig í tímanum

#### Sýnikennsla

Kennari sýnir og nemendur gera eins og kennarinn.

### Námsmat

#### Mat á frammistöðu í tímum

Metið verður eftir hegðun, áhuga og virkni í tímum og gildir það 40 % af heildareinkunn.

#### Frammistöðumat

**Verklegar æfingar**

Nemendur fá fyrirmæli um hvað á að gera og framkvæma síðan æfinguna.

Frammistöðumat verður 60 % af heildareinkunn og mun skiptast í þolpróf 40 % hreystipróf 60 %

Heiti áætlunar: Samfélagsfræði

Tímabil: 17.09.2015-17.10.2015

Hópur: 6. bekkur

Nafn: Guðrún Elsa Helgadóttir

Áfangamarkmið úr Aðalnámskrá

## Landafræði

### Kort og myndir

- hafa þjálfast í að túlka stöðluð tákni á hefðbundnu staðfræðikorti, s.s. hæðarlínur og landslagsskyggingu
- átta sig á hvernig kort eru búin til á grunni upplýsinga af loftmyndum
- þekkja hnattlíkan, bauganet og tímabelti jarðar
- geta notað kortabækur, kort og hnattlíkni til upplýsingaöflunar og hafa skilning á helstu litum, táknum og hugtökum þar að lútandi
- kunna skil á loftmyndum og hefðbundnum staðfræðikortum
- kynnast einföldum þemakortum og hvernig setja má upplýsingar fram um fjölda eða stærð, t.d. með einu tákni af mismunandi stærð eða að lita afmörkuð svæði með einum lit en misdökkum
- kunna að lesa og túlka kort, loftmyndir og önnur landfræðileg gögn, hvort sem er í bókum eða tölvum
- þjálfast í lestri og framsetningu á einföldum töflum og geta sett upplýsingar, sem hann hefur aflað sjálfur, fram á myndrænan hátt
- þekkja helstu tákni sem notuð eru í veðurlýsingu
- þekkja höfuðáttirnar fjórar, tvo undirflokka þeirra og hvernig þær tengjast skiptingu hrings

### Svæði

- þekkja valda landfræðilega þætti Íslands, Norðurlanda og Evrópu og hafa aflað sér upplýsinga um einstök lönd og landsvæði eftir mismunandi leiðum
- kunna skil á hugtökum eins og ríki, land, þjóð og landamæri
- gera sér grein fyrir mismunandi einkennum svæða og samskiptum þeirra á milli eftir því sem við á
- þekkja þróun búsetu í eigin heimabyggð og mismunandi notkun lands og bygginga og geta borið saman við það sem gerist annars staðar
- þekkja örnefni stjórnsýslueininga í heimabyggðinni (s.s. borgar, sýslu, hrepps og bæjar)
- þjálfast í að sækja landfræðilegar upplýsingar í gagnasöfn
- átta sig á því að loftslags- og gróðurbelti jarðar segja til um það hvar fólk býr, á hverju það lifir og hvernig það klæðir sig
- þekkja til helstu náttúruauðlinda, atvinnuvega, búsetumynsturs, samgöngutækja og lifnaðarháttanna fyrr og nú
- þekkja hvernig náttúran skapar síbreytilegar aðstæður
- þekkja helstu gerðir orkulinda sem nýttar eru í Evrópu, hvar þær er að finna og hvernig þær hafa myndast
- átta sig á hvernig menn móta umhverfi sitt, mikilvægi náttúruverndar og nauðsyn alþjóðlegrar samvinnu ríkja á sviði umhverfismála
- geta útskýrt ýmis tilefni þess að fólk ferðast og flytur milli staða

### Námsgögn

- Evrópa

#### Kennsluáferðir

##### Bein kennsla

Bein kennsla er notuð í upphafi hvers kafla þegar verið er að fjalla um nýtt

#### Námsmat

##### Kannanir

Tvær kannanir úr lesefninu eru á hvorri önn og gildir hvor um sig 10 % af lokaekinn.



efni áður en umræður og verkefnavinna hefst. Það á að auðvelda nemendum að skilja efnið.

### **Heimildarvinna**

Nemendur vinna heimildarvinnu um eitt ákveðið land einu sinni á önninni. Það er til þess að dýpka þekkingu þeirra á viðkomandi landi, menningu og þjóð.

### **Umræður**

Efnið er rætt samhliða lestri og vinnu til þess að auka skilning og þekkingu á efninu.

### **Aðrar kennsluáferðir**

K-V-L áferðin í Orð af orði notuð. Þar sem nemendur segja frá því sem þeir kunna um efnið, hvað þeir vilja læra eða vita um efnið og í endan segja þeir hvað þeir hafa lært um efnið.

Hugtakakort eru notuð til að glósa efni bókarinnar.

### **Mat á frammistöðu í tímum**

Virgni og þátttaka í tímum er metið til einkunnar og gildir 20 % á hvorri önn.

### **Heimapróf**

Vorönn taka nemendur heimapróf sem gildir 40% af lokaekinnun.

### **Skriflegt próf**

Vetrarönn taka nemendur skriflegt próf sem gildir 40 % af lokaekinnun.

### **Vinnubók**

Vinnubókin gildir alltaf 20 % af lokaekinnun á hvorrar önn.

Heiti áætlunar: Smíðar

Hópur: 6. bekkur

Þrepamarkmið úr Aðalnámskrá

## Hönnun og smíði

### Hönnun

- hafi notað hreyfiorku í verkefnum
- hafi tekist á við að smíða hlut sem uppfyllir þörf eða leysir vanda
- hafi smíðað hlut þar sem reynir á styrkleika og jafnvægi

Tímabil: 19.08.2015-24.05.2016

Nafn: Þorgerður Þóra Hlynsdóttir

Kennsluaðferðir

Námsmat

Bein kennsla

Heildstæð verkefni

Sköpun

Sjálfsmat

Sýning

Mat á frammistöðu í tímum

Heiti áætlunar: Stærðfræði

Hópur: 6. bekkur

Áfangamarkmið úr Aðalnámskrá

## Stærðfræði

### Aðferðir - Lausnir verkefna og þrauta

- hafa öðlast færni til að takast á við stærðfræðileg verkefni og þrautir
- beita skipulegum aðferðum við lausnir verkefna og þrauta
- hafa glímt í samstarfi við aðra við erfð stærðfræðiverkefni og lært að meta kosti samvinnu
- átta sig á mikilvægi þess að kynna sér og skilja verkefnið til hlítar og hafa tamið sér að leita að spurningum og tilgátum sem skýra verkefnið
- geta nýtt sér þau vinnubrögð sem hann hefur vanist í stærðfræði við lausnir ólíkra þrauta þannig að hann treysti sér til að nota þau einnig undir öðrum kringumstæðum
- kunna að nota ýmsar aðferðir sem geta hjálpað þegar hann rekur í vörðurnar, t.d. reyna við skylt verkefni sem er einfaldara, athuga sértílik af verkefninu til að koma auga á mynstur eða reglu, setja dæmið á svið eða teikna myndir

### Aðferðir - Röksamhengi og röksemdafærslur

- gera sér grein fyrir mikilvægi röksemdafærslna í stærðfræði
- geta rökstutt niðurstöður sínar og skýrt lausnarleiðir
- geta flokkað hugtök eftir eiginleikum, t.d. í yfir- og undirflokk
- geta sett upp og fylgt einföldum reikniritum af nákvæmni og haldið rökréttu samhengi þannig að aðrir eigi auðvelt með að glöggva sig á því
- geta fylgt einföldum röksemdafærslum eins og þær gerast í námsefni 7. bekkjar grunnskóla

### Aðferðir - Stærðfræði og tungumál

- geta lesið og skrifað tölur, töluleg gögn og stærðfræðilegan texta
- hafa tamið sér að teikna skýringarmyndir og skipulegan texta (mínispunkta) til að gera stærðfræðileg hugtök skiljanlegri bæði sjálfum sér og öðrum
- geta lesið og ritað almenn brot og notað tugabrotarítt
- þekkja rómversk talnatákn
- skilja og fara rétt með algeng stærðfræðiheiti og tákn, s.s. fyrir röðun, reikniaðgerðir og ferningsrót

Tímabil: 31.08.2015-31.05.2016

Nafn: Guðrún Elsa Helgadóttir

- geta útskýrt munnlega niðurstöður sínar og aðferðir þannig að þær verði skiljanlegar öðrum, til dæmis með því að sýna með samblandi af töluðu máli, skýringarmyndum og táknum hvernig tiltekið verkefni er leyst
- geta lesið og skrifað heilar tölur, jákvæðar og neikvæðar
- nýta sér stærðfræðileg hugtök og aðferðir við lausn verkefna í samvinnu við skólasystkin sín
- geta rætt við kennara, heimilisfólk og aðra nemendur um stærðfræðileg efni í því skyni að öðlast betri skilning, til dæmis með því að spyrja spurninga
- geta lesið með skilningi allan stærðfræðitexta í námsefninu
- geta lesið töflur og einföld línu- og súlurit um töluleg gögn, flokkað sjálfur einföld töluleg gögn, sett niðurstöður upp í töflur og sýnt þær á línu- eða súluriti, t.d. með því að nota töflureikni eða önnur forrit
- skilja og geta notað stærðfræðileg hugtök sem eru algeng í tengslum við framsetningu tölulegra gagna í almennum texta, s.s. "hækkun", "hlutfallsleg lækkun", "prósentuhækkun" og "-lækkun", "frávik" o.fl.

#### **Aðferðir - Tengsl við daglegt líf og önnur svið**

- geta leyst verkefni sem snerta fjármál heimila og stálpaðra barna og notað til þess grundvallaratriði einfalds bókhalds, t.d. með hjálp töflureiknis
- skilja hvernig stærðfræði er undirstaða mælinga í tíma og rúmi
- skilja uppbyggingu metrakerfisins og tengsl þess við sætisrithátt, þekkja nokkrar algengustu einingar metrakerfisins (km, m, dm, cm, mm, l, dl, ml, kg, g, mg) í samhengi við eðlilega notkun í daglegu lífi og geta breytt á milli þeirra af öryggi
- geta reiknað milli sekúnda, mínútna, klukkustunda og daga af öryggi
- hafa kynnt sér sögu ýmissa stærðfræðilegra hugtaka sem koma fyrir í skólanámsefni, s.s. sextugakerfis í samhengi við tímaútreikninga, skiptingu hringsins í gráður eða staðsetningu á hnettinum með lengdar- og breiddargráðum
- gera sér grein fyrir hvernig beita má stærðfræðilegum aðferðum í daglegu lífi og vera vanur að nota stærðfræði á öðrum sviðum
- geta fært viðfangsefni úr daglegu lífi í stærðfræðilegan búning sem má nota til að leysa það og geta túlkað lausnina í samhengi við upphaflega viðfangsefnið
- kunna að gera sér stærðfræðileg hugtök skiljanlegri með því að setja þau í samband við hversdagslega hluti

#### **Inntak - Hlutföll og prósentur**

- kannast við hlutföll milli stærða og geta notað þau við útreikninga í einföldum hagnýtum dæmum
- skilja prósentuhækkun og -lækkun og geta t.d. reiknað slík dæmi varðandi laun og verð, s.s. afslátt af vöruverði
- skilja hvað orðið prósentu þýðir
- kannast við prósentuhugtakið
- þekkja tengsl prósentu við almenn brot og tugabrot og geta breytt þar á milli

#### **Inntak - Mynstur og algebra**

- átta sig á einfaldri notkun bókstafa í stærðfræði
- geta leyst mjög einfalda jöfnu með einni óþekktri stærð
- gera sér grein fyrir helstu undirstöðureglum algebrunnar
- ráða við margvísleg "orðadæmi", þ.e. geta þýtt upplýsingar yfir á stærðfræðilegt mál
- skilja hvað það þýðir að leysa jöfnu og fara rétt með jafnaðarmerki
- skilja hvernig má nota bókstafi sem staðgengla fyrir tölur

#### **Inntak - Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat**

- hafa náð góðri færni í einföldum reikningi
- gera sér grein fyrir hvenær borgar sig að reikna í huganum eða á blaði og hvenær betra

er að grípa til reiknivélarinnar

- sýna fullt vald á margföldunartöflunni upp í  $10 \times 10$
- geta notað reiknivélar til að leggja saman, draga frá, margfalda, deila og finna ferningsrót
- skilja reiknirit til að reikna með jákvæðum tölum sem settar eru fram í tugakerfi, þ.e. náttúrlegum tölum og tugabrotum, þar með talið þar sem þarf að fara yfir tug
- geta túlkað margföldun sem endurtekna samlagningu, veldi sem endurtekna margföldun og deilingu bæði sem endurtekinn frádrátt og skiptingu
- þekkja töluna núll sem hlutleysu í samlagningu og sérstöðu hennar í margföldun og deilingu og þekkja töluna einn sem hlutleysu í margföldun
- kunna að prófa frádrátt með samlagningu, samlagningu með frádrætti, deilingu með margföldun og margföldun með deilingu
- vera leikinn í hugarreikningi og námundunarreikningi
- geta valið á milli reikniaðgerða við einföld verkefni í kunnuglegu samhengi
- geta lagt saman, dregið frá, margfaldað og deilt með náttúrlegum tölum af öryggi án aðstoðar reiknitækis og með tugabrotum þegar tölurnar eru einfaldar og koma upp í eðlilegu samhengi

### **Inntak - Rúmfræði**

- kunna að nota regluna um hornasummu í þríhyrningi, skýra hana og beita henni, t.d. í verkefnum um að þekja flöt með þríhyrningum
- þekkja almenn hugtök úr rúmfræði, s.s. punkt, línu, línustrik, horn, samsíða og hornréttar línur, grannhorn og topphorn
- kunna að nota metrakerfið við mælingar á flatarmyndum
- kunna skil á hugtökum og aðferðum varðandi mælingu flatarmynda og þrívíðra hluta
- geta lýst hvað felst í framangreindum hugtökum, bæði í mæltu máli og með teikningum og mótun forma, borið þau saman og flokkað
- þekkja ýmsar gerðir flatarmynda, s.s. þríhyrning, þ.m.t. rétthyrndan, jafnhliða og jafnarma þríhyrning, ferhyrning, ferning og rétthyrning, trapisu, tígul, hring og hugtök honum tengd, s.s. geisla, þvermál og ummál
- geta teiknað flatarmyndir með gefnum stærðum, t.d. þríhyrning með gefnum tveimur hornum og einni hlið og þríhyrning með tveimur hliðum og horninu á milli þeirra og átta sig á því að allir þríhyrningar með þessum tilteknu eiginleikum eru eins
- kunna skil á algengustu hugtökum sígildrar rúmfræði

### **Inntak - Tölfræði og líkindafræði**

- skilja að töluleg gögn eru stundum notuð til að gefa rangar og misvísandi upplýsingar
- kunna skil á líkindahugtakinu
- geta dregið ályktanir af tölulegum gögnum og hafa kynnst því hvað varast þarf þegar slíkar ályktanir eru dregnar
- geta notað tíðnitöflur, súlurit og línurit sem aðferðir til að setja fram töluleg gögn

### **Inntak - Tölur**

- átta sig á reglum um deilanleika talna með 2, 5, 9 og 10 og skilja af hverju þær gilda
- skilja tugakerfið sem sætiskerfi og framsetningu ræðra talna með endanlegum tugabrotum
- hafa þekkingu á sætistalnakerfi, einkum á tugakerfinu
- hafa notað reiknivélar og tölvuforrit til að skoða eiginleika talnanna, s.s. deilanleika
- þekkja deilingu með afgangi
- skilja hvað frumtala (prímtala) er og vita hvernig finna má lægstu frumtölurnar
- þekkja tengslin milli náttúrlegra talna og talningar og kunna ýmsar talningaraðferðir, svo sem að skipta því sem telja skal niður í minni hópa og telja innan hvers hóps
- skilja hvað það þýðir að ein tala gangi upp í annarri

- þekkja jákvæðar og neikvæðar tölur í eðlilegu samhengi, t.d. á hitamæli og í notkun reiknivéla og þekkja röðun heilu talnanna
- vita hvenær tvö almenn brot eru jöfn, geta stýtt og lengt almenn brot og fundið samnefnara brota
- geta breytt endanlegum tugabrotum í almenn brot og almennum brotum í tugabrot með gefinni nákvæmni (fjölda aukastafa)
- kunna góð skil á náttúrlegum og ræðum tölum og þekkja heilar tölur

#### Námsgögn

- Valin verkefni úr Stiku 2a og Stiku 2b ásamt ýmsum verkefni frá kennara. Unnið eftir lotukerfi og námsáætlunum sem nemendur fá frá kennara.

#### Kennsluaðferðir

---

##### **Bein kennsla**

Verður notuð þegar leggja þarf inn nýja námsþætti, skerpa á efni sem tekið hefur verið fyrir eða leysa sameiginleg viðfangsefni. Minnst af kennslunni verður þó bein kennsla frá töflu.

##### **Hópverkefni**

Töluvert verður um hóp/paraverkefni í stærðfræði og stefnt er að því að 2 kest. á viku verði þannig skipulagðar, út frá námsþáttum hvernar annar. Þessi verkefni gilda til námsmats hverju sinni.

##### **Námsleikir**

Spil sem á að auðvelda nemendum að læra og tileinka sér stærðfræði á annan hátt.

##### **Rökþrautir**

Töluvert verður unnið með rökþrautir, bæði sem einstaklingsverkefni og eins sem hóp/paraverkefni. Nemendur læri að búa til þrautir.

##### **Samvinnunám**

Töluvert áhersla er lögð á samvinnunám, að nemendur hjálpið að og ýti undir námsfærni hvers annars. Farið verður yfir grunnreglur samvinnunáms.

##### **Sýnikennsla**

Er notuð þegar verið er að leggja in ný atriði, æfa t.d. mælingar, tölvuvinnu og fleira slíkt.

##### **Umræður**

Nemendur eru þjálfaðir í umræðum um stærðfræðileg málefni

##### **Utanbókarnám**

Ætlast er til að nemendur læri utanbókar einfaldar formúlur í

#### Námsmat

---

##### **Mat á frammistöðu í tímum**

10% af lokaeinkunn er mat á virkni og frammistöðu nemenda í tímum.

##### **Kannanir**

5 kannanir á önn sem gilda hver fyrir sig 10% af lokaeinkunn.

Á haustönn eru þetta margföldunarkannanir.

Á vetrarönn eru þetta deilingarkannanir.

Á vorönn eru þetta rúmfræðikannanir.

##### **Skriflegt próf**

40 % lokapróf í enda hvernar annar. Þar er verið að prófa í þeim hlutum sem unnið er með á hverri önn.

stærðfræði, sem og  
margföldunartöfluna.

### **Verklegar æfingar**

Eru notaðar þegar verið er að vinna  
með hlutbundna stærðfræði, eins og  
t.d. í mælingum.

### **Viðfangsefni tengd daglegu lífi**

Mikil áhersla er á að tengja  
stærðfræðina við daglegt líf og að  
nemendur sjái stærðfræðina utan  
skólans. Viðfangsefnin geta verið t.d.  
bankar, unglíngavinnan, búðarferðin  
og svo framvegis.

### **Þrautalausnir**

Nemendur verða þjálfaðir í að leysa  
ýmsar stærðfræðiþrautir, ásamt því að  
búa til sínar þrautir.

### **Annað**

Nemendur vinna eftir ákveðnu lotukerfi sem þeir fá frá kennara, taka próf í lok hvernar lotu og  
er misjafnt eftir hvert hver og einn nemandi er kominn hversu mikið prófin gilda.

Heiti áætlunar: Sund

Tímabil: 25.08.2015-27.05.2016

Hópur: 6. bekkur

Nafn: Finnbogji Guðmundsson

Þrepamarkmið úr Aðalnámsskrá

## Skólasund

### Félagsþroski - tilfinningaþroski - siðgæðisþroski

- taki þátt í ýmsum leikjum í vatni, s.s. boltaleikjum, boðsundsleikjum, sundknattleikjum
- læri að bera virðingu fyrir þörfum annarra og mismunandi getu félaga sinna

### Líkamsþroski - fagurþroski

- þjálfist í að synða a.m.k. 200 m bringusund, viðstöðulaust
- þjálfist í 8 m kafsundi
- taki þátt í ýmsum æfingum og leikjum sem efla líkamspól, s.s. stöðugu sundi í ákveðinn tíma, boðsundsæfingum
- taki þátt í sundþjálfun til að synða ákveðna vegalengd innan ákveðinna tímamarka 25 m bringusundi, þar sem tímalágmark er 35 sek.
- þjálfist í að synða a.m.k. 15 m björgunarsund með skólabaksundsftötökum

### Skynþroski - hreyfiþroski

- læri helstu atriði sem snúa að björgun úr vatni
- þjálfist í að kafa eftir hlut á 1-2 m dýpi eftir 5 metra sund
- nái tókum á nákvæmri útfærslu hreyfinga og öndunar í 50 m skólabaksundi, 25 m skriðsundi, 25 m baksundi
- þjálfist í stungu af bakka
- nái tókum á helstu undirbúningsæfingum fyrir flugsund

### Vitsmunarþroski

- læri og þjálfist í helstu atriðum sem snúa að björgun úr vatni
- taki þátt í umræðu um mikilvægi góðrar tækni í sundtökum

## Kennsluaðferðir

---

### Sýnikennsla

Kennari sýnir og nemendur gera eins og kennarinn.

### Verklegar æfingar

Nemendur fá fyrirmæli um hvað á að gera og framkæma síðan æfinguna.

## Námsmat

---

### Frammistöðumat

Nemendur taka sundpróf og í námsáætlunni stendur hvað þarf að gera.

Heiti áætlunar: Textílmennt 6.bekkur

Tímabil: 24.08.2015-31.05.2016

Hópur: 6. bekkur

Nafn: Sonja Dröfn Helgadóttir

Áfangamarkmið úr Aðalnámskrá

## Textílmennt

### Fagurfræði og rýni - Skynjun/greining/mat

- gera sér grein fyrir mikilvægi vandaðra vinnubragða og góðrar umgengni
- geta rökstutt fagurfræðileg sjónarmið í eigin verkum

### Fagurfræði og rýni - Sköpun/túlkun/tjáning

- nýta sér fagurfræði á meðvitaðan hátt við textílvinnu sína

### Lögmál og aðferðir - Skynjun/greining/mat

- geta endurmetið hugmynd og/eða verk á öllum stigum vinnuferlisins
- þekkja helstu eiginleika náttúruafna og nokkurra gerviefna
- nota hugtök og heiti sem unnið hefur verið með

### Lögmál og aðferðir - Sköpun/túlkun/tjáning

- geta nýtt sér aðferðir og vinnulag textíla
- geta gert skissur af einföldum hlut
- þekkja og geta beitt helstu áhöldum og vélum greinarinnar

### Sögulegt og félagslegt samhengi - Skynjun/greining/mat

- geta sýnt fram á þekkingu á sérkennum og tengslum íslenskrar textíliðju heimilisiðnaðar og handverks
- gera sér grein fyrir hvaða áhrif ofnotkun efna getur haft á lífríki jarðar
- geta tengt valin textílverk því menningarlega samhengi sem þau voru sköpuð í

## Námsgögn

- Ýmis textílgögn

## Kennsluáferðir

---

### Bein kennsla

Kennari leiðbeinir nemendum, einum í einu við verkefnavinnuna.

### Verklegrar æfingar

Nemendur vinna að þeim verkefnum sem kennari leggur fyrir.

## Námsmat

---

### Mat á frammistöðu í tímum

Kennari metur vinnubrögð, áhuga, vinnusemi og frágang.

## Annað

6. og 7. bekkur fá þrjónaverkefni sem skylduverk, þrjóna útpþjón, happagat, taka úr og fella af.

Aukaverkefni eru valverkefni sem þau velja sjálf.



**Heiti áætlunar:** Trúarbragðafræði

**Hópur:** 6. bekkur

**Tímabil:** 17.09.2015-17.10.2015

**Nafn:** Helga Gunnarsdóttir

Áfangamarkmið úr Aðalnámsskrá

## Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði

- 
- hafa þekkingu á uppruna, sögu og útbreiðslu annarra helstu trúarbragða heims, svo sem gyðingdóms, íslams, hindúasiðar og búddadóms
- hafa fengist við siðræn viðfangsefni sem tengjast samskiptum, sáttfýsi og fyrirgefningu
- þekkja valda þætti nokkurra helstu trúarbragða heimsins, einkum guðshús, helgistaði, helgirit, tákn, hátíðir og siði
- hafa öðlast góða innsýn í kristilegt siðgæði og tileinkað sér samskiptareglur sem byggjast á kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti og umhyggju fyrir öðrum mönnum, öllu lífi og umhverfi
- hafa fengið þjálfun í að nýta sér upplýsingatækni til að leita svara við spurningum um trúarleg og siðferðisleg efni
- hafa þjálfast í að ræða siðferðileg gildi og álitamál sem lúta að réttlæti, mannréttindum og jafnrétti
- þekkja nokkur meginatriði kristni og helstu biblíutexta sem kristin trú og játning byggist á og geta dregið lærdóm af þeim
- hafa tamið sér virðingu fyrir ólíkum trúarbrögðum og lífsviðhorfum
- þekkja algengustu tákn kristinnar og merkingu þeirra

### Námsgögn

- Gyðingdómur - Sáttmáli þjóðar og Ljós heimsins

### Kennsluaðferðir

#### Bein kennsla

Bein kennsla er notuð í upphafi hvers kafla þegar verið er að fjalla um nýtt efni áður en umræður og verkefnavinna hefst. Það á að auðvelda nemendum að skilja efnið.

#### Umræður

Efnið er rætt samhliða lestri og vinnu til þess að auka skilning og þekkingu á efninu.

#### Aðrar kennsluaðferðir

K-V-L aðferðin í Orð af orði notuð. Þar sem nemendur segja frá því sem þeir kunna um efnið, hvað þeir vilja læra eða vita um efnið og í endan segja þeir hvað þeir hafa lært um efnið.

Einnig eru notuð hugtakakort til að glósa það mikilvægasta úr efninu.

**Heiti áætlunar:** Upplýsingatækni6-7

**Hópur:** 6. bekkur

Áfangamarkmið úr Aðalnámsskrá

**Upplýsingamennt**

**Meningarlæsi**

### Námsmat

#### Skriflegt próf

Í lok hvorrar annar fyrir sig er próf sem gildir 30% af lokaeinkunn.

#### Mat á frammistöðu í tímum

Virkni og þátttaka í tímum er metið til einkunnar og gildir 20 % hverja önn.

#### Kannanir

Á hvorri önn taka nemendur tvær kannanir sem gilda hver um sig 15% af lokaeinkunn.

#### Vinnubók

Verkefni sem unnin eru í tímum gilda alltaf 20 % af lokaeinkunn hvorrar annar.

**Tímabil:** 20.10.2015

31.05.2016

**Nafn:** Dagný Rósa

Úlfarsdótti

- sýna skilning á siðferðislegri ábyrgð sinni við framsetningu efnis á vef og sambærilegum miðlum svo sem tölvuráðstefnum og í tölvupósti
- vita að til eru lög um höfundarrétt og skilja þýðingu þeirra við vinnu með upplýsingar

### **Tæknilæsi**

- geta brotið um flókinn texta með myndum, s.s. bekkjarblað
- kunna að búa til möppur og nota möppur í tölvum
- geta notað tölvuorðabækur og yfirlestrarforrit á íslensku og öðrum tungumálum
- kunna meðferð á myndum og texta af geisladiskum og af Neti
- kunna skil á póstforritum til að hafa samskipti við aðra nemendur innanlands og erlendis
- geta sett inn myndir og gröf og töflur í texta
- hafa náð tökum á réttu fingrasetningu á lyklaborð, tileinkað sér blindskrift og réttar vinnustellingar
- kunna á alla sérlykla á lyklaborði
- geta nýtt sér glærugerðarforrit

### **Upplýsingalæsi**

- þekkja helstu leitarmöguleika á Netinu
- kunna að leita í helstu handbókum, alfræðiorðabókum, fræðibókum og margmiðlunardiskum
- geta leitað að gögnum eftir flokkunarkerfi skólasafnsins (Dewey)

### **Námsgögn**

- Efni frá kennara
- Efni af nams.is
- Efni af scratch.mit.edu

---

#### **Kennsluaðferðir**

**Bein kennsla**  
**Upplýsingartækni**  
**Þjálfunarforrit**

---

#### **Námsmat**

**Mat á frammistöðu í tímum**  
**Sjálfstæð verkefni**

### **Annað**

Nemendur vinna upplýsingatækni í lotum, ca. 8 vikur hver hópur.

Nemendur læra einfalda forritun, vinnu í Word, Excel og Publisher.

Nemendur læra að búa sér til netfang og senda tölvupóst.

Þá kynnast þeir einfaldri forritun af scratch.mit.edu og fá að kynnast kahoot til að gera spurningar